



## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu

### 1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu á vegum Félags- og skólaþjónustu A-Hún, skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki **128**, samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins og launaneftdar sveitarfélaga, að viðbættu orlofi 13,04%, álagi 6% og launatengdum gjöldum 25%, samtals **3.316 kr.**

### 2. gr.

Varðandi afslátt á gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **333.258 kr.** ( einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið )
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **499.887 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna undir 18 ára aldri.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns.
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar Ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyrstrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

### 3 gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

### 4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngriog skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun Ríkisins kr: **38.540.-** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokk heimilið lendir.

### 5 gr.

Uppgefnar fjárhæðir eru háðar launaþróun viðkomandi kjarasamnings og þróun lífeyris TR og eru því birtar með fyrirvara um breytingar á forsendum. Gjaldskráin tekur breytingum samkvæmt tilgreindum forsendum 1. janúar ár hvert.



## Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldflokkur	Tekjumörk þjónustupega sem búa einir:	Gjald
Einstakl. 1	Allt að 333.258 kr pr. mán	0 kr/klst
Einstakl. 2	Á bilinu 333.258 – 499.887 kr/mán	1.105 kr/klst ( 1/3 af kostnaði)
Einstakl. 3	Á bilinu 499.887 – 583.202 kr/mán	1.658 kr./klst( ½ af kostnaði)
Eikstakl. 4	Yfir 583.202 kr/mán	3.316 kr./klst fullt gjald
	<b>Tekjumörk hjóna/para</b>	
Hjón 1	Allt að 499.887 kr/mán	0 kr/klst
Hjón 2	Á bilinu 499.887 – 749.831 kr/mán	1.105 kr/klst ( 1/3 af kostnaði)
Hjón 3	Á bilinu 749.831 – 874.802 kr/mán	1.658 kr./klst( ½ af kostnaði)
Hjón 4	Yfir 874.802 kr/mán	3.316 kr./klst fullt gjald